

VELFERÐ FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

Málþing sveitarfélaga um velferðarmál
Salnum í Kópavogi – 29. september 2005
Samantekt og niðurstöður



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

FORMÁLI

Þann 29. september 2005 hélt Samband íslenskra sveitarfélaga málþing um velferðarmál, í Salnum í Kópavogi, undir yfirskriftinni:

Velferð frá vöggu til grafar

- » Hvert vilja íslenskir sveitarstjórnarmenn stefna í velferðarmálum?
- » Heildstæð velferðarþjónusta eða afmörkuð félagsþjónusta sveitarfélaga?

Málþingið var haldið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og Samtök félagsmálastjóra og í tengslum við haustfund samtakanna. Starfs- hópurinn sem hafði umsjón með undirbúningi þingsins var skipaður Björk Vilhelmsdóttur og Jakobi Björnssyni, sem voru tilnefnd af stjórn sambandsins, Aðalsteini Sigfússyni og Gunnari Sandholt, sem voru tilnefndir af Samtökum félagsmálastjóra, Ingibjörgu Broddadóttur, sem var tilnefnd af félagsmálaráðuneytinu og Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins.

Við kynningu málsþingsins var lögð áhersla á að aðalmarkmið þess væri að fá fram sjónarmið sveitarstjórnarmanna til skipunar íslenskrar velferðarþjónustu í nútíð og framtíð. Sjónarmið sem Samband íslenskra sveitarfélaga getur tekið mið af í hagsmunagæslu sinni fyrir sveitarfélög. Á þingið voru sérstaklega boðaðir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og félagsmálanefndum, framkvæmdastjórar sveitarfélaga, félagsmálastjórar og aðrir stjórnendur félagsþjónustu sveitarfélaga. Þátttakendur í ráðstefnunni voru 100 og má sjá skiptingu þeirra í töflu 1 hér til hliðar.

Eftir framsöguerindi voru umræður í smærri hópum um mikilvægustu úrlausnarefnin í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Þar sem markmiðið var að fá fram hvað þátttakendum finnst sjálfum mikilvægast, þá áttu þeir sjálfir að koma með tillögur að umræðuefnum fyrir hópana. Fólk skipaði sér í hópa eftir því hvað þeim fannst áhugaverðast að ræða. 13 þátttakendur komu með tillögur að umræðuefnum. Tengd efni voru sameinuð. Niðurstaðan varð sú að 5 umræðuhópar störfuðu. Þeir sem höfðu gert tillögu um umræðuefni stjórnðu umræðum og báru ábyrgð á að taka saman niðurstöður. Alls tóku 49 fundarmenn þátt í umræðum, þar af 14 kjörnir fulltrúar.

Umræðuhóparnir fjölluðu um:

1. Hvernig má tryggja að sveitarfélög veiti í raun lögbundna þjónustu?
2. Mikilvægi félagsauðs í velferðarþjónustu.
3. Er sameining sveitarfélaga nauðsynleg forsenda verkefnaflutnings?
4. Málefni geðfatlaðra. Samráð – árangur – útkoma.
5. Samþætting þjónustu frá sjónarhóli fámennra sveitarfélaga, t.d. heimaþjónustu og/eða skóla- og félagsþjónustu.

Tafla 1

Þátttakendur á málþingi sveitarfélaga um velferðarmál

Kjörnir fulltrúar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga	25
Starfsmenn sveitarfélaga	52
Starfsmenn ríkisins	14
Starfsmenn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	6
Þátttakendur alls:	100
43 voru af höfuðborgarsvæðinu og 57 utan þess	

Málþing sem þessi eru nýmæli í starfsemi sambandsins en það fyrsta var haldið vorið 2004 þar sem málefni grunnskólans voru til umfjöllunar. Markmiðið með slíkum málþingum er að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga og milli kjörinna fulltrúa og ráðinna stjórnenda viðkomandi málaflokka í sveitarfélögum.

Þátttakendur voru almennt mjög ánægðir með málþingið. Framsöguerindi voru vönduð og góðar umræður fylgdu í kjölfarið sem því miður of fáir tóku þátt í. Það voru reyndar nokkur vonbrigði að ekki skyldu fleiri taka þátt í málþinginu og sérstaklega að kjörnir fulltrúar skyldu ekki vera fleiri. Til samanburðar þá tóku um 190 þátt í grunnskólaþingi 2004 og var um helmingur þeirra kjörnir fulltrúar og

framkvæmdastjórar sveitarfélaga. Má leiða líkum að því að þetta endurspegli minni áhuga sveitarstjórnarmanna á félagsþjónustu en málefnum grunnskólans.

Niðurstöður málsþingsins voru lagðar fyrir stjórn sambandsins 27. janúar 2005. Stjórnin samþykkti að þær verði nýttar við undirbúning landsþings sambandsins sem haldið verður 27.-29. september nk. á Akureyri.

Í þessu riti er samantekt um helstu áherslur umræðuhópa. Það er sent þátttakendum á málþinginu og öllum sveitarfélögum til að vekja upp umræðu og vera uppspretta hugmynda í sveitarfélögum um velferðarmál sveitarfélaga.

MIKILVÆGUSTU ÁHERSLUR Í VELFERÐAR-ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA?

– að mati þátttakenda á velferðarþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2005

1. Hvernig má tryggja að sveitarfélög veiti í raun lögbundna þjónustu?

Sextán fulltrúar tóku þátt í umræðum um þetta málefni, þar af einn kjörinn fulltrúi.

Umræðustjóri var Hjördís Árnadóttir félagsmálastjóri í Reykjanesbæ.

- » Sameining langlíklegust til að tryggja að sveitarfélög séu í stakk búin til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.
- » Það vantar skýr viðmið um þjónustuna þar sem ákvæði laga og reglugerða eru oft mjög opin. Það getur leitt til þess að einstaklingur fær ekki þá lögbundnu þjónustu sem hann á rétt á.
- » Smíða þarf einn velferðarlagaramma og einfalda regluverkið.
- » Velferðarmál, sem heildstæður málaflokkur, eiga að vera á verksviði eins og sama ráðuneytis.
- » Það vantar eftirlit með því að sveitarfélög veiti lögbodna þjónustu. Ýmis eftirlitsform koma til greina, s.s. óháð eftirlit í anda breska eftirlitskerfisins, innra eftirlit, gæðaviðmið, sænska módelið.
- » Skerpa þarf á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki.
- » Til greina kæmi að sveitarfélög setji sér stefnu um hvort þau ætli yfirleitt að veita velferðarþjónustu og geti á þeirri forsendu sótt um styrki til jöfnunarsjóðs en önnur ekki.

2. Mikilvægi félagsauðs í velferðarþjónustu

Sjö tóku þátt í umræðum um þetta málefni, þar af fjórir kjörnir fulltrúar.

Umræðustjóri var Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri Vesturgarðs hjá Reykjavíkurborg.

- » Áhersla á að nýta félagsauð og félagsleg tengsl til að skapa heilbriggt samfélag. Þessi hugmyndafræði er grundvöllur nýrra þjónustumiðstöðva í Reykjavík.
- » Skeytir saman ólík svið, stuðlar að þverfaglegri samvinnu og myndar vettvang fyrir íbúa, yfirvöld og þjónustu.
- » Skapa menningu fyrir félagsleg tengsl. Menningarfulltrúi virkjar veikari einstaklinga til félagslegrar virkni.
- » Kemur inn á fjármál að því leyti að með aukinni félagslegri tengingu minnkar þörf fyrir hvers kyns neyslu og sérstaka þjónustu.
- » Hvetja þarftil nýtingarfélagsauðs í sveitarfélögum. Má ekki bara koma ofan frá. Skipulag og uppsetning verkefna þarf að taka mið af þörfum viðkomandi sem „eiga“ þá í verkefninu, sbr. Ingunnarskóli. Skipulag félagsstarfs aldraðra og unglunga verði í höndum þeirra sjálfra.

3. Er sameining sveitarfélaga nauðsynleg forsenda verkefnaflutnings? Hvað ef sveitarfélög sameinast ekki?

Tíu tóku þátt í umræðum um þetta málefni, þar af fjórir kjörnir fulltrúar.

Umræðustjóri var Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi.

» Meðan sveitarfélögin fá sjálf að velja hvort þau sameinast þá eiga frekari sameiningar ekki að vera forsenda verkefnaflutnings. Sameining er val íbúa, verkefnaflutningur er annað. Tæknilega vel hægt að flytja fleiri verkefni frá ríki til stærri sveitarfélaga án sameiningar, fylgi þeim fjármagn.

» Núverandi fyrirkomulag fjárhagslegra samskipta við ríki er óásættanlegt.

» Tregða ráðuneyta til að láta fjármagn fylgja verkefnum endurspeglar viljaleysi stjórnvalda.

» Stærri og sterkari sveitarfélög hafa frekar bolmagn til að taka yfir fleiri verkefni.

» Verkefnaflutningur mun ýta undir sameiningar.

» Þjónustusamningar lítilla sveitarfélaga við þau stærri geta unnið gegn frekari sameiningum.

» Mögulega má skipta sveitarfélögum í A og B sveitarfélög.

» Endurskipuleggja þarf sveitarstjórnarstigið.

» Sveitarfélög eiga að hafa frumkvæði að verkefnaflutningi frá ríki þegar þau telja sig tilbúin.

» Byggðasamlögin þarf að leggja niður. Ákvæði í sveitarstjórnarlögum sem fjalla um byggðasamlög vinna gegn sameiningu.

» Koma þarf á hreppsráðum í minni sveitarfélögum sem sameinast, hliðstæð hverfisráðum í Reykjavík.

» Ræða meginniðurstöður málþingsins í stjórn sambandsins sem verða svo stjórn sambandsins til leiðsagnar.

4. Málefni geðfatlaðra. Samráð – Árangur – Útkoma

Sex starfsmenn sveitarfélaga tóku þátt í umræðum um þetta málefni.

Umræðustjóri var Sæmundur Hafsteinsson forstöðumaður félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

» Skipuleggja þarf þjónustuna út frá forsendum þeirra sem þurfa á henni að halda. „Hvaða þjónustu myndi ég vilja ef eitthvað kæmi fyrir mig?“ Þessi hugsun þarf að vera viðmiðunin þegar velferðarþjónustan er skipulögð.

» Sambætta þarf þjónustuna milli sviða og geira og frá vöggutílgrafar, sbr. stöðugeðfatlaðrabarnasem lenda á milli heilbrigðis- og félagsþjónustukerfa.

Að þessu leyti getur staðan verið betri í litlum sveitarfélögum, þar sem yfirsýnin er betri og þjónustan heildstæðari. Hins vegar getur verið erfitt að veita hóppjónustu á slíkum stöðum. Skoða þarf lagaheimildir til upplýsingagjafar milli sveitarfélaga og stjórnsýslueininga, m.t.t. persónuverndar, þagnarskyldu og stjórnsýslulaga.

» Þjónustan þarf að vera sveigjanleg með tilliti til þess að geðfatlaðir einstaklingar eru stundum veikir og stundum frískir. Varast þarf að grípa fram fyrir hendurnar á geðfötludum.

- » Það getur verið heppilegt að mynda þverfagleg teymi til að halda utan um þjónustuna og tryggja sveigjanleika og samþættingu milli sviða og geira.

5. Samþætting þjónustu frá sjónarhóli fámennra sveitarfélaga, t.d. heimaþjónustu og/eða skóla- og félagsþjónustu

10 tóku þátt í umræðum um þetta málefni, þar af fimm kjörnir fulltrúar.

Umræðustjórar voru Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri Breiðdalshrepps og Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri í Borgarbyggð.

- » Lítil sveitarfélög veita þrátt fyrir smæð sína viðamikla nærþjónustu.
- » Fækkun íbúa í dreifðum byggðum, og langar vegalengdir, kippir grundvelli undan ýmsri þjónustu, t.a.m. heimaþjónustu. Erfitt að flytja þjónustu heim til íbúa þegar vegalengdir eru

miklar. Sameining sveitarfélaga leysir ekki þann vanda.

- » Byggðasamlög, nokkurs konar Vatikön, án pólitísku umboðs og samvinna á þeirra grundvelli oft erfið og snúin.
- » Sameining og stækkun sveitarfélaga hefur jákvæð áhrif á þróun þeirra. Við verkefnatilflutning velferðarmála til Hornafjarðar jukust útgjöld til þess málaflokks og gæði þjónustu jafnframt, þrátt fyrir miklar vegalengdir.

ÚRLAUSNAREFNI Í VELFERÐARMÁLUM SVEITARFÉLAGA

– tillögur þátttakenda um umræðuefni

Tillögur frá pólitískum fulltrúum

- » „Haltu mér slepptu mér“ samband milli ríkis og sveitarfélaga. Óvissa um hvort verkefni verði til frambúðar hjá sveitarfélagi veldur því að ekki er unnið til botns heima í héraði.
- » Er frekari sameining sveitarfélaga forsenda frekari yfirtöku verkefna eða fyrirsláttur til að tefja málið?
- » Strandar fagleg umræða um yfirtöku málefna á velferðarsviði alltaf á umræðu um fjármagn sem á að fylgja?
- » Hvað ef ekki verður sameining?
- » Samþætting þjónustu frá sjónarhóli lítills/lítilla sveitarfélags/a.

Tillögur frá ráðnum stjórnendum félagsmála hjá sveitarfélögum

- » Hvernig er hægt að tryggja og standa sem best að því að sveitarfélög veiti í raun lögbundna þjónustu?
- » Fá þarf umræðu um hugtakanotkun og hverju þau eiga að lýsa, sbr. „skjólstæðingar / notendur /viðskiptamenn / þjónustuþegar“.
- » Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga.
- » Mikilvægi félagsauðs í velferðarþjónustu
- » Málefni geðfatlaðra. Samráð – árangur – útkoma.
- » Samþætting heimaþjónustu (heimilishjálpar, heimilishjúkrunar, liðveislu) í minni sveitarfélögum (þjónustusvæðum) til að fólk fái raunverulega hjálp til að búa heima.

UMRÆÐUR Á VELFERÐARMÁLÞINGI

29. SEPTEMBER 2005

Hópur 1:

Hvernig má tryggja að sveitarfélög veiti í raun lögbunda þjónustu?

*Umræðustjóri og skráning: Hjördís Árnadóttir
Til aðstoðar: Valgerður Freyja Ágústsdóttir
Fjöldi: 16, þar af einn kjörinn fulltrúi*

Sveitarfélögin ekki ein um að standa ekki undir lögbundinni þjónustu, víða er pottur brotinn hjá ríkinu í þessum málum. Mörg ákvæði í lögum og reglugerðum ekki nægjanlega skýr, t.a.m. í lögum um félagsþjónustu; allt opið, sjálfstjórn sveitarfélaga og barnaverndarlög. Alvarlegt þegar fyrir liggur að einstaklingar eigi rétt á ákveðinni þjónustu, en hún er hins vegar ekki til staðar og engin er ábyrgur.

Umræðurnar á málþinginu allar í sömu átt, þ.e. að sameining sveitarfélaga sé besti kosturinn til að styrkja sveitarstjórnarstigið. Sameining langlíklegust til að tryggja að sveitarfélögin séu í stakk búin til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað skv. lögum. Styrkleiki sveitarfélaga felst í stærri einingum. Gæti þurft að koma til lagasetningar til að tryggja sameiningar. Ákvæði sbr. 1.500 manna lágmarkið í barnaverndarlögunum er ein leið.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru rammalög sem gera það að verkum að sveitarfélög geta sett sér mismunandi reglur. Frumskógur laga og reglugerða. Smíða þarf einn velferðarlagaramma og einfalda regluverkið. Vantar skýr viðmið.

Nauðsynlegt er að skerpa á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi ýmsa félagsþjónustu, sbr. þjónustu við fatlaða.

Gæðaviðmið á þjónustu

Eftirlitshlutverk óljóst sem leiðir til þess að sveitarfélög komast upp með ómarkvissar reglur og ómarkvissa/óljósa þjónustu. Það vantar eftirlit með því að sveitarfélög veiti lögböðna þjónustu. Eftirlit félagsmálaráðuneytisins ekki mjög virkt. Ríkisvaldið setji raunhæf gæðamarkmið á þjónustu og fylgi því eftir að sveitarfélög standi við sett markmið. Hugmynd kom upp um að setja gæðaviðmið á þjónustu.

Fram kom að í Svíþjóð séu skýr fyrirmæli frá ríkinu um lágmarks þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að veita og að þar sé eftirlitið virkt.

Hugmynd að koma upp óháðum eftirlitsaðila sem spyr lykilsþurninga og skoðar svör (bónuskerfi). Bent á breska eftirlitskerfið. Innra eftirlit gæti verið kostur. Sveitarfélögin myndu setja sér markmið og ef þeim væri ekki náð þyrftu þau að gera grein fyrir af hverju þau náðust ekki.

Mögulegt að bjóða út þjónustu, félagsmálayfirvöld sveitarfélaga færu þá með eftirlitshlutverk. Hætta á að erfiðasta þjónustan yrði eftir hjá sveitarfélögunum.

Sveitarfélög setji sér stefnu

Hugmynd kom fram um að sveitarfélög setji sér stefnu um hvort þau ætli yfirleitt að veita félagslega þjónustu. Þau sem væru með skýra stefnu um félagslega þjónustu, fengju greiðslur úr jöfnunarsjóði en hin ekki (lagabreyting þyrfti hér að koma til). Nefnt að félagsþjónusta er oft málefni sem sveitarstjórnarmenn hafi lítinn áhuga á og ber forgangsöröðun oft keim af því. Bent var á að á málþingið vantaði fleiri kjörna fulltrúa, þ.m.t. alþingismenn og líka embættismenn úr ráðuneytum.

Pólítísk rétt hugsun

Talið að velferðarmálum væri betur farið öllum í sama ráðuneyti, en það geti reynst

erfitt að ná því fram af sömu ástæðu og að sameining sveitarfélaga gengur erfiðlega, þ.e. hagsmunir einstaka starfsmanna og ráðamanna látnir ganga framar hagsmunum heildarinnar.

Hópurinn ræddi einnig um hugtök sem notuð eru um þá sem njóta þjónustu félagsþjónustunnar. Taldi hann að „pólítísk rétt hugsun“ og hræðsla við fordóma leiddu til þess að við værum sífellt að finna ný og ný hugtök og spurning vaknaði um nauðsyn þess. Talið aukaatriði en komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að ráðuneytið kostaði og léti gera könnun meðal viðskiptavina um hvaða hugtak þeir teldu að ætti best við. Skjólstæðingur, notandi, neytandi, viðskiptavinur, þátttakandi o.fl.

Hópur 2:

Mikilvægi félagsauðs í velferðarþjónustu

Umræðustjóri og skráning: Óskar Dýrmundur Ólafsson

Fjöldi: 7, þar af fjórir kjörnir fulltrúar

Mikilvægi félagsauðs er ein meginstoð nýrra þjónustumiðstöðva í Reykjavík og byggir á kenningum um mikilvægi félagslegra tengsla fyrir heilbrigði samfélags og þar með einstaklinga. Skeytir saman ólík svið og stuðlar að þverfaglegri samvinnu. Myndar vettvang fyrir íbúa, yfirvöld og þjónustu.

Getur stuðlað að auknu félagsstarfi og tengslum milli félaga. Má ekki koma ofanfrá eingöngu og menningaráhrif eru mikilvæg.

Hvernig væri hægt að sjá fyrir sér tenginguna við fjármálin? Með aukinni félagslegri tengingu því þá minnkar þörfin fyrir neyslu hvers konar.

Menningarfulltrúi hefur virkjað veika einstaklinga sem kunna t.d. til verka en þurfa félagslega styrkingu.

Félagsstarf aldraðra sé í höndum þeirra sjálfra.

Rabarbarahópar mynda stuðning og nákomnir setjast í sjálfshjálparhópa með þeim sem eru veikir

Er gert ráð fyrir öllum í félagslegri virkni?

Lionsfélagar fara í boccia og eru skráðir sjálfvirkt í boccia-félagið.

Mikilvægt fyrir velferðarþjónustuna.

Fellur vel að velferðarstofu.

Hvetja þarf til nýtingar félagsauðs í sveitarfélögum.

Skipulagning og uppsetning taki mið af þörfum allra – að allir viðkomandi eigi meira í verkefninu, sbr. Ingunnarskóla.

Félagsmiðstöðvar: Unglingaráð búa til dagskrá og ákveða hvað skal gera.

Sundlaug: Nýjar teikningar bornar undir sundlaugargesti.

Hvernig er hægt að virkja foreldra?

Hópur 3:

Er sameining sveitarfélaga nauðsynleg forsenda verkefnaflutnings? Hvað ef sveitarfélögin sameinast ekki?

*Umræðustjóri og skráning: Björk Vilhelmsdóttir
Til aðstoðar: Þórður Skúlason
Fjöldi: 10, þar af fjórir kjörnir fulltrúar*

Skv. ráðherra er sameining sveitarfélaga forsenda frekari verkefnaflutnings frá ríki til sveitarfélaga. Því er spurt hvað sveitarfélög eigi að gera óski þau frekari verkefna frá ríki án þess að ætla að sameinast frekar. Verður allt sett á ís? Á sambandið að setja upp aðgerðaáætlun?

Hópurinn taldi ekki að frekari sameiningar ættu að vera forsenda á meðan sveitarfélögin eiga sjálf að ráða því hvort þau sameinast. Sameining er val íbúa, verkefnaflutningur er annað. Sveitarfélög vinna mörg vel saman, eru með fleiri verkefni nú þegar á vegum byggðasamlaga, og sjá ekki endilega hag eða aukna hagræðingu í sameiningu. Tæknilega vel hægt að flytja fleiri verkefni frá ríki til stærri sveitarfélaga með tilheyrandi fjármagni án sameiningar. Flestir þó sammála því að betra sé að eitt sveitarfélag taki við verkefni af ríki en að byggðasamlögin geri það. Stór sveitarfélög þurfa að geta yfirtekið verkefni og rekið á eigin ábyrgð án þess að mynda byggðasamlög.

Verkefnatilflutningur muni ýta undir sameiningar. Vantar skilgreiningu á því hvað sveitarfélög þurfa að vera stór til að taka við verkefnum. Í dag eru stærri sveitarfélög að þjónusta þau smærri og geta vel tekið við fleiri verkefnum án þess að sameinast þeim. Það gæti þó unnið gegn frekari sameiningum.

Nú erum við tilbúnir

Er félagsmálaráðherra að tala í umboði ríkisstjórnar? Hvað með fjármálaráðuneytið? Stærri sveitarfélög vildu á sínum tíma taka við málefnum fatlaðra en fjármuni vantaði með verkefninu frá

ríkinu. Ef haldið er fast í pyngjuna endurspeglar það viljaleysið. Örlar á neikvæðu viðhorfi ráðuneyta og viljaleysi til að greiða þann kostnað sem af verkefnaflutningi hlýst sem aftur skapar neikvæðni sveitarstjórnarmanna til að kljást við verkefnið. Pólitíkusar verða að koma sterkar inn. Bíða þarf eftir vilja allra ráðuneyta til að ræða frekari verkefnatilflutning. Á að skipta sveitarfélögum í A og B sveitarfélög eftir verkefnum og þjónustustigi? Það væri ný hugsun. Í raun eru sveitarfélög tvenns konar í dag. Teikna þarf upp kort með nýrri sveitarfélagaskipan.

Eftir komandi sameiningarkosningar þarf að leyfa þeim sveitarfélögum sem það velja og vilja að taka við frekari verkefnum þó svo einhver fá verði eftir sem B-sveitarfélög, tíminn vinnur með þeim. Er verið að verja hnignun lítilla sveitarfélaga? Kjósa þarf þing sem endurskipuleggur sveitarstjórnarstigið. Sveitarstjórnarmenn skella allri skuld á ríkið. Þeir eiga fyrst að taka ákvörðun um sitt skipulag og banka síðan upp á hjá ríkinu: „Nú erum við tilbúnir“. Eiga ekki að bíða eftir vilja ríkisins til að flytja verkefni yfir. Sveitarfélög geta rekið grunnskólann og því ekki velferðarþjónustuna?

Hvernig á sambandið að bregðast við ef ekki verða jákvæðar niðurstöður sameiningakosninga?

» Leyfum sveitarfélögum með 80-90% íbúa að taka við fleiri verkefnum. Leyfum A og B sveitarfélögum að verða til. Upp getur komið að A sveitarfélag neiti að þjónusta B. Hvað þá?

- » Ákvæði í lögum um að byggðasamlög hamli sameiningu. Breyta. Þau sveitarfélög sem geta og vilja fá möguleika til að taka við verkefnum. Geri síðan þjónustusamninga við önnur sveitarfélög og á frjálsum grundvelli.
- » Lítil sveitarfélög hafa ekkert val, verða að kaupa þjónustuna. Ætti sveitarfélögum að vera skylt að kaupa þjónustu ef þau geta ekki veit hana sjálf? Hallar alltaf á sveitarfélög í fjárhagslegum samskiptum við ríkið.
- » Sveitarfélög eflast við yfirtöku grunnskólans. Þjónustan batnaði.
- » Sveitarfélög eiga ekki að sætta sig við núverandi fyrirkomulag fjárhagslegra samskipta.
- » Koma þarf upp hreppsráðum í minni sveitarfélögum sem sameinast. Hliðstæð hverfisráðum í Reykjavík.
- » Leggja niður byggðasamlögin og fella ákvæði um þau niður í sveitarstjórnarlögum.
- » Vantar kjörna sveitarstjórnarmenn á málþingið.
- » Ræða meginniðurstöður málþingsins í stjórn sambandsins sem verða svo stjórn sambandsins til leiðsagnar.

Hópur 4:

Málefni geðfatlaðra. Samráð – Árangur – Útkoma

Umræðustjóri og skráning: Sæmundur Hafsteinsson
Til aðstoðar: Aðalsteinn Sigfússon
Fjöldi: 6

Skilgreiningar og þarfir. Geðfötlud börn og „gráa svæðið“ => þau lenda á milli kerfa. Fatlaðir? Flokkar I-IV eða V. flokkur? Margir aðilar koma að þessum málaflokki: Geðdeildir, svæðisskrifstofur, félagsþjónustan, skólar (börn), heilsugæslan ... Erfiður hópur því stundum eru þau veik og stundum ekki. Innsæi og skilningur eða viðurkenning á aðstæðum.

Stuðningsfjölskyldur í barnavernd; ekki varðandi fatlaða.

Hvað er félagsþjónusta? Rekstur hjúkrunarheimila? „Losa pláss“ – útskrifa? Mikil þörf. Árangursmælingar.

Vantar hugsunina: Hvaða þjónustu myndi ég vilja fá ef eitthvað kæmi fyrir mig og mína? Frá vöggju til grafar, þarf að skoða allar hliðar í einu og stuðla að samþættingu þjónustu.

Fíklar með geðraskanir? Hvar á að byrja? Þeir passa hvergi!

Fámennið. T.d. í litlu sjávarþorpi með e.t.v. einn veikan einstakling er óhægt um vik að skipuleggja hópaþjónustu.

Mjög flókinn málaflokkur. „Erfitt að skilja“ því einstaklingurinn getur bæði borið ábyrgð á sjálfum sér og ekki eftir aðstæðum (dagsforminu).

Minni einingar og teymi, t.d. í kringum hvern skóla. Auðveldara að sérhanna => stórar

stofnanir, gráu svæðin kalla á skilgreiningar – eða greiningaræði!

Þarf mjög sveigjanlega þjónustu. Mikilvægt að mennta fólk: „Hversu langt á ég að ganga í hjálpinni?“ Getur verið flókið, ekki grípa fram fyrir hendurnar á geðfötludum. Vont að veita „staðlaða þjónustu“. Kostir lítilla sveitarfélaga: fáir fara saman með alla málaflokka => betri yfirsýn og heildstæðari þjónusta.

Persónuvernd og þagnarskylda og stjórnsýslulög í stærri bæjum: hvernig flytjast upplýsingar á milli? Ákveðnir veggir. Ef sami einstaklingurinn vinnur bæði barnaverndarmál og skólamál t.d.

Lykilatriði að búa geðfötludum heimili við hæfi með stuðningi sem þarf; sbr. Akureyri => fækkun á innlögnum. Góður aðgangur þarf að vera að geðdeildum og öfugt: að okkur!

Sveitarfélög: „Þú verður að flytja hingað fyrst annars færðu enga þjónustu hér, takk“. Gengið á rétt þjónustuþega til að velja sér samastað og búsetu þar sem hann fær þjónustu. Það þarf málefnaleg rök til að synja um búsetu.

Áhrif geðsjúkra á alla fjölskylduna, t.d. yngri systkini. Kallar á samþætta þjónustu. Fræðsla og aftur fræðsla => máttur félagslegra viðhorfa „ásakanir“ og „fordómar“ í garð foreldra barna með hegðunar- eða geðraskanir.

Hópur 5:

Sambætting þjónustu frá sjónarhóli fámennra sveitarfélaga, t.d. heimapjónustu og/eða skóla og félagsþjónustu

*Umræðustjóri og skráning: Sigfríður Þorsteinsdóttir og Hjördís Hjartardóttir
Til aðstoðar: Svandís Ingimundardóttir
Fjöldi: 10*

Þegar fjallað er um þjónustu sveitarfélaga lesa íbúar fámennra sveitarfélaga út úr umræðunni að ólíft sé í litlum sveitarfélögum því þar sé engin þjónusta. Þetta er alrangt. Lítil sveitarfélög veita þrátt fyrir smæð sína viðamikla nærþjónustu. Og þrátt fyrir sameiningu sveitarfélaga og að þau verði fjölmennari þá eru enn, í mörgum sveitarfélögum, litlar einingar sem ekki geta orðið þjónustubærar. Þær geta t.d. ekki staðið undir heimahjúkrun á kvöldin og um helgar. Það er mjög sniðugt að flytja þjónustuna heim til „þátttakandans“ eins og Reykjavíkurborg áætla að gera, en vegalengdir geta verið miklar þegar þarf að flytja þjónustuna „upp undir Eiríksjökul“.

Fækkun íbúa í dreifðum byggðum gerir það að verkum að grundvöllur fyrir ýmsri þjónustu brestur. Brottflutningur einnar fjölskyldu getur t.d. þýtt að flytja verður skóla annað. Það þarf að leggja áherslu á sjálfræði sveitarfélaga og lýðræði íbúa. Ýmsir þættir vilja gleymast í sameiningarmálum. (Ekki var farið nánar út í þá sálma.)

Þátttakendur voru sammála um að erfitt væri að vera í samvinnu gegnum byggðasamlög. Pólitískt umboð er ekki til staðar. Byggðasamlög eru einskonar „Vatikön“ ógegnsæ og einráð. Það ætti jafnvel að banna þau.

Fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar var á fundinum og lagði áherslu á að sú sameining væri vel heppnuð. Í sveitarfélaginu, sem er um 300 km langt og með um 2.200 íbúa, hefðu verið gerðar breytingar í skólamálu. Þær hafi skilað sér í stærri skóla með meira aðdráttarafli fyrir nýja íbúa. Sameining og stækkun sveitarfélaga hafi jákvæð áhrif á þróun sveitarfélaga. Sveitarfélagið treysti sér vel til þess að veita íbúum sínum góða þjónustu og taka við auknum verkefnum. Við sameininguna jukust útgjöld til velferðarmála.

DAGSKRÁ

08:30 *Skráning*

09:00 **Setning málpingsins**

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hvað einkennir velferðarsamfélag?

Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur

Staða einstaklingsins í velferðarsamfélaginu

Elísabet Jökulsdóttir skáld

Staða íslenska velferðarsamfélagsins og framtíðarsýn

Árni Magnússon félagsmálaráðherra

Stefnumótun í velferðarmálum í breytilegu umhverfi

Dr. Freydís Freysteinsdóttir lektor

10:30 **Kaffihlé**

11:00 **Hvert vilja íslenskir sveitarstjórnarmenn stefna í velferðarmálum?**

Heildstæð velferðarþjónusta eða afmörkuð félagsþjónusta sveitarfélaga?

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi

Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótaldalshéraðs

12:00 **Matarhlé**

13:00 **Reynsla sveitarfélaga af yfirtöku velferðarþjónustu frá ríkinu og samþættingu á þjónustu**

Jakob Björnsson, bæjarfulltrúi og formaður félagsmálaráðs Akureyrarbæjar

Albert Eymundsson, bæjarstjóri á Hornafirði

Samvinna milli sveitarfélaga um velferðarþjónustu

Reinhard Reynisson, bæjarstjóri Húsavíkurbæjar, um félags- og skólaþjónustu Þingeyinga

14:00 **Umræður í smærri hópum um mikilvægustu úrlausnarefnin í velferðarmálum sveitarfélaga. Málþingsgestir geta komið með tillögur að umræðuefni og þeir raða sér í umræðuhópa eftir því hvaða úrlausnarefni þeir telja áhugaverðast að ræða. Þeir sem hafa vakið máls á umræðuefni stjórna umræðum.**

16:00 **Umræðustjórar gera grein fyrir niðurstöðum umræðna.**

